

Sp.

310. Tillaga til þingsályktunar

[133. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til heitaveitu á Sauðárkróki.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 80% af heildarstofnkostnaði hitaveitu Sauðárkrókskaupstaðar, enda setji bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar þær tryggingar fyrir láninu, er ríkisstjórnin tekur gíldar.

Greinargerð.

Borað var eftir heitu vatni í Áshildarholtsvatni við Sauðárkrók árið 1948, tæpa 2 km innan við kaupstaðarlóðina, og fengust um 23 sekúndulítrar af um 70 stiga heitu vatni úr þremur holum. Er það talið nægilegt til að hita upp bæinn eins og er, en þar búa nú rúmlega 1000 manns. Aðstæður við Áshildarholt benda mjög til þess, að dómi þess verkfræðings (Gunnars Böðvarssonar), er hefur haft með höndum allan undirbúning og umsjón með borunum, að þar megi finna talsvert meira vatnsmagn en þegar hefur fengizt. Telur hann rétt að gera ráð fyrir, að afla megi allt að 50 til 60 lítra á sekúndu með nokkrum holum til viðbótar, einkum ef borað er öllu dýpra. Einnig telur hann ekki ólíklegt, að vatnshitinn aukist með dýptinni. Vatnið hefur verið rannsakað og fylgzt með því á þriðja ár, og hefur það engum breytingum tekið. Kostnaður við boranir og áætlanir er orðinn á þriðja hundrað þúsund krónur. Stofnkostnaður hitaveitunnar er áætlaður um þrjár milljónir króna, þar af erlendum gjaldeyri 500—600 þús. kr., hitt er vinna.

Þá má geta þess, að á þessu ári hafa verið fluttar til Sauðárkróks um 3300 smálestir af kolum, sem eru seldar á tæpar 500 kr. smálestin. Innkaupsverð þessara kola í gjaldeyri má gera ráð fyrir, að sé um ein milljón og tvö hundruð og fimmtíu þús. kr., og að um helmingur þess kolamagns sé notað á Sauðárkróki, eða fyrir 625 þús. kr. Auk þess er hráolíunotkun á Sauðárkróki um 100 þús. kr. á ári. Af þessum tölum sést, að það, sem þarf af erlendum gjaldeyri til framkvæmdanna, er tæplega eins árs kolaeyðsla Sauðárkróksbúa, og að við lagningu hitaveitunnar sparast því álitleg fúlga af dýrmætum gjaldeyri strax á næstu árum eftir að verkinu er lokið. Þegar þannig er ástætt, er það lítt þolandi að horfa á heita vatnið vella upp úr jörðinni spottakorn frá bænum, án þess að nokkur hafi þess not. Bæjarstjórn Sauðárkróks hefur sótt um fjárfestingarleyfi til byggingar hitaveitunnar og er að leita fyrir sér eftir lánsfé til hennar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að þótt íbúar Sauðárkróks vilji að sjálfsögðu leggja mikið á sig með fjárframlögum til að hrinda þessu nauðsynjamáli áfram, þá verður ekki hjá því komizt, að mikill meiri hluti stofnkostnaðarins verður að fást með lánunum utan hér-ads. Fyrir því og til þess að greiða fyrir þeim lánsútvegum er hér farið fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán, sem tekin yrðu í þessu skyni.